

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

685. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 7. mars 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss..
2. Ályktanir stjórnar Félags leikskólakennara.
3. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga.
4. Bréf Reykjavíkurborgar.
5. Hugmyndir um samstarf á sviði úrgangsmála.
6. Bréf forstöðumanns Bóka-og skjalasafns Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni m.a. breytingar á þreksal, viðhaldi á heitum pottum á Laugarbakka, breytingar á gámvelli, íþróttavöll, hreinsibúnað fyrir sundlaug ofl.
2. Lögð fram til kynningar ályktun stjórnar Félags leikskólakennara.
3. Lagt fram til kynningar bréf Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 23. febrúar 2011. Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.
4. Lagt fram til kynningar bréf Reykjavíkurborgar dags. 21. febrúar s.l., þar sem kynntar eru breytingar á leikskólagjöldum fyrir börn með lögheimili utan Reykjavíkur.
5. Lagt fram erindi Hermanns Jóns Tómassonar um hugmyndir um samstarf á sviði úrgangsmála á Norðurlandi. Byggðarráð samþykkir að sveitarstjóri og umhverfisstjóri fylgist með og taki þátt í umræðum um mögulegt samstarf í úrgangsmálum.
6. Lagt fram til kynningar bréf forstöðumanns Bóka-og skjalasafns Húnaþings vestra, þar sem gerð er athugasemd við bókun oddvita um fjölda gesta sem koma á bókasafnið fyrir hádegi.
Samþykkt að taka á dagskrá.
7. Hitaveita í hesthúsabyggð. Innheimt er fyrir heitt vatn eftir hemli, en vegna ónægju notanda með neysluvatn samþykkir byggðarráð að gefa þeim sem þess óska kost á að breyta úr hemlum yfir í mæla. Sigurbjörg Jóhannesdóttir og Skúli Þórðarson viku af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Fundagerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:16

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson

Ragnar S. Helgason

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Pétur R. Arnarsson

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari